

Nd.

649. Nefndarálit

[170. mál]

um frv. til laga um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar miðvikudaginn 10. þ. m., eða sama dag og gert var hlé á störfum Alþingis vegna páskahelginnar. Eftir páskahléið hefur nefndin rætt það á þrem fundum. Málið er komið frá Ed., sem gerði nokkrar breytingar á upphaflega frumvarpinu.

Auðsætt er af greinargerð frumvarpsins, að það hefur verið lengi í undirbúningi, en þrátt fyrir það kemur fram í umsögnum, sem fyrir liggja, að skoðanir eru skiptar um ýmis atriði þess. Vegna hins nauma tíma, sem nefndin hefur haft til athugunar á frumvarpinu, hefur hún ekki getað kynnt sér þessi atriði til hlítar með viðræðum við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Kvaddi nefndin aðeins á sinn fund þá dr. Þórð Þorbjarnarson, formann Fiskmatsráðs, og Sigurð B. Haraldsson efnaverkfræðing, annan framkvæmdastjóra Fiskmatsráðs, en form. nefndarinnar átti viðtal við Bergstein Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóra.

Mikil áherzla hefur verið á það lögð af hæstv. ríkisstjórn, að frumvarp þetta næði fram að ganga á þessu þingi, aðallega til þess að unnt verði að setja nýjar reglugerðir um eftirlit með meðferð fisks og mat á fiski og fiskafurðum. Er talið, að breytt fyrirkomulag á framkvæmd þessara mála geti leitt til nokkurs sparnaðar, og er sá tilgangur frumvarpsins út af fyrir sig lofsverður. Þannig er talið, að sameining Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins geti haft fjárhagslegan sparnað í för með sér, en jafnframt gert matsstofnanirnar öflugri en þær nú eru og skapað þeim skilyrði til þess að veita betri þjónustu.

Telur nefndin rétt, að á þetta reyni, og mælir því með frumvarpinu með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þskj.

Verður gerð nánari grein fyrir brtt. nefndarinnar í framsögu.

Nefndinni er ljóst, að engan veginn er víst, að tekizt hefði að eyða öllum skoðanamun um einstök atriði frumvarpsins, þótt hún hefði haft lengri tíma til þess að fjalla um málið. Eftirlit með vöruvöndun fiskafurða, og fiskmat eru að eðli sínu þannig, að ekki er að furða, þótt ólíkra sjónarmiða gæti, og ný viðhorf eru sífellt að skapast. Þess vegna eiga mjög mörg atriði, er að þessu líta, fremur heima í reglugerð en í lögum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Jafnframt má við því búast, að áður en langt líður muni þurfa að endurskoða þau lög, sem nú verða sett samkv. þessu frumvarpi. Hafa bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild S.Í.S. skýrt svo frá, að í U.S.A. sé verið að setja lög og reglur um strangara eftirlit með fiskmati en þar hefur gilt til þessa. Óskuðu raunar báðir þessir aðilar eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað til hausts með hliðsjón af fréttum vestanhafs um þessi mál. Á þá frestun þótti ekki ástæða til að fallast, m. a. vegna þess, að alltaf er opin leið til endurskoðunar laganna, þótt hún sé seinfærari en endurskoðun reglugerða, og eins og fyrr segir, eiga flest atriði varðandi eftirlitið og fiskmatið heima í reglugerð.

Nefndin vill í framhaldi af þessu taka fram, að þótt hún mæli með samþykkt frumvarpsins, m. a. í sparnaðarskyni, þá leggur hún á það ríka áherzlu, að sá sparnaður má hvergi leiða til þess, að slakað verði á kröfum um vandaða og þrifa-lega meðferð fisks og fiskmetis á öllum stigum framleiðslunnar. Eftirlitið og fiskmatið getur ráðið úrslitum um það, hvort Íslendingar halda þeirri fótfestu, sem þeir hafa náð á beztu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Það er þess vegna mikilvægt, að þetta kerfi sé þannig uppbyggt og framkvæmt, að viðskiptavinir okkar geti viðurkennt það og treyst því.

Einn nefndarmanna, BP var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Lúðvík Jósefsson,
með fyrirvara.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Jón Skaftason,
með fyrirvara.

Guðl. Gíslason.